



**MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR**

**Ársskýrsla  
Menntaskóla Borgarfjarðar  
árið 2018**

## **Inngangur**

Í ársskýrslu Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) er farið yfir helstu þætti skólastarfs á liðnu ári. Skólaárið 2018 gekk með ágætum. Haldið var áfram með aðgerðaráætlun frá fyrra ári og skerpt á ýmsum þáttum. Í október 2018 var stefnudagur í skólanum þar sem hagsmunaaðilar skólans, nemendur, starfsfólk, stjórn og aðrir áhugasamir komu saman og rýndu í markmið, framtíðarsýn og stefnu skólans. Í kjölfar þessa dags var unnið sérstaklega með sérstöðu skólans og skrifuð var ný sérstaða í skólanámskrá Menntaskóla Borgarfjarðar. Skólanámsskráin var tekin til gagngerrar endurskoðunar en að því komu að auki vinnu á stefnudeginum, kennarar, nemendur, skólanefnd og skólaráð. Samstarfi við erlenda skóla var haldið áfram en á vormánuðum 2018 tóku nemendur MB á móti nemendum af þremur þjóðernum þar sem unnið var að verkefnum varðandi sjálfbærni. Á haustmánuðum 2018 fóru svo fimm nemendur ásamt tveimur kennurum til Skotlands í sambærilega heimsókn. Vel var haldið utan um gæðastarf MB og haldið var áfram með gæðagreina og aðra verkferla í kringum gæðastarf skólans og málefnum fylgt eftir. Hér á eftir verður nánar gert grein fyrir framvindu skólastarfsins.

## **Áherslur og meginvið**

Eins og áður hefur komið fram þá var unnið með sérstöðu Menntaskóla Borgarfjarðar sérstaklega á þessu ári og skerpt á mikilvægum þáttum. Það sem Menntaskóli Borgarfjarðar telur sig hafa sérstöðu í og leitast við að viðhafa er að leggja áherslu á jákvæðan lífsstíl og andlegt heilbrigði með persónulegri þjónustu við nemendur. Að skipulag náms sé fjölbreytt, einstaklingsbundið og sveigjanlegt. Að bjóða uppá námsbrautina Náttúrufræðibraut – búfræðisvið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Að vera í nánun samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í nærumhverfi sínu m.a. í gegnum Hugheima nýsköpunar- og frumkvöðlasetur. Að vera í fararbroddi hvað varðar námsmat og endurgjöf til nemenda og að nemendur vinni lokaverkefni út frá áhugasviði og geti skilað vinnu sinni með fjölbreyttum hætti.

Formleg annarpróf eru ekki til staðar. Leiðsagnarmat er notað við námsmat í öllum áföngum. Nemendur fá endurgjöf á nám og vinnu á fimm vikna fresti á svokölluðum vörðum. Allir nemendur og kennarar eru með fartölvur og tengdir netinu í skólanum.

## **Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna**

Menntaskóli Borgarfjarðar er með samning við Borgarbyggð um leigu á 1890 fm húsnæði í Hjálmakletti að Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi. Aðstaða skólans nær yfir átta kennslustofur, stjórnunarrými, aðstöðu fyrir kennara, mötuneyti, opin rými og félagsaðstöðu fyrir nemendur. Skólinn hefur aðgang að tónlistar- og ráðstefnusal Borgarbyggðar í sama húsnæði. Íþróttakennsla fer fram í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi.

## Nemendur

Á vorönn 2018 voru 116 nemendur, 56 drengir og 60 stúlkur. Á haustönn 2018 innrituðust 116 nemendur, 52 drengir og 64 stúlkur. Meðaltalsfjöldi nemenda á vorönn og haustönn var því 116.

**Tafla 1 Fjöldi nemenda eftir kyni**

	Vorönn 2018	Haustönn 2018
Fjöldi nemenda	116	116
Stúlkur	60 (52%)	64 (55%)
Drengir	56 (48%)	52 (45%)

Tafla 2 og 3 sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri á vor- og haustönn. Flestir nemendur skólans koma úr Borgarbyggð.

**Tafla 2 Búseta nemenda**

Lögheimili	Vorönn 2018	Haustönn 2018
Borgarbyggð	70%	68%
Vesturland	11%	8%
Utan Vesturlands	19%	24%

**Tafla 3 Aldur nemenda**

Fæðingarár	Vorönn 2018	Haustönn 2018
2003		3%
2002	2%	25%
2001	28%	28%
2000	22%	18%
1999	22%	12%
1998	8%	3%
1997	3%	2%
1996	3%	1%
Fyrir 1996	12%	8%

Brottfall MB er skilgreint sem það hlutfall nemenda sem hefur nám við skólann í upphafi annar og hættir áður en önn lýkur. Brottfall nemenda skólaárið 2018 var 3,4%. Nýtingarhlutfall hópa miðað við 25 nemendur í bóklegum greinum og 15 í list- og tölvugreinum var 60%.

Námsframboð og skipting nemenda á brautir er sett fram í töflu 4.

**Tafla 4 Námsframboð og skipting nemenda á brautir**

Námsframboð	Skipting á brautir á vorönn 2018	Skipting nemenda á brautir á haustönn 2018
Félagsfræðabraut	31	37
Íþróttabraut – félagsfræðasvið	6	5
Náttúrufræðibraut	26	20
Íþróttabraut – náttúrufræðisvið	9	7
Náttúrufræðibraut-búfræðisvið	10	6
Framhaldsskólabraut	10	7
Starfsbraut	5	6
Grunnskólabraut	1	3
Opin braut	16	24
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	1
Alls	116	116

## Starfsfólk

Við skólann störfuðu að meðaltali 19 starfsmenn í 16,9 stöðugildum. Við skólann starfa skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar, fjármálastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar, námsráðgjafi, skólafulltrúi, tölvuumsjónarmaður og félagsmálafulltrúi, matráður, ræstitæknir og húsvörður. Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahópnum. Frá hausti var húsvörður verktaki, nýr félagsmálafulltrúi tók til starfa og nokkrar breytingar urðu á kennurum. Aðstoðarskólameistari fór í árs námsleyfi frá hausti 2018 og afleysing fengin í hans stað auk þess sem einn kennari fór í árs launalaust leyfi. Einstaka stundakennarar og verktakar störfuðu við MB á árinu. Tveir kennaranemar voru í vettvangsnámi í MB á árinu 2018.

**Tafla 5 Skipting kennarahópsins eftir aldri, kyni og starfshlutfalli árið 2018**

Aldur í árum	í Fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
20-29	1			1
30-39	1		1	
40-49	2	2		
50-59		2	1	3
60-69				1
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>5</b>

**Tafla 6 Menntun kennara**

Menntun kennara	Fjöldi
PhD próf	3
MA/MSc/MEd	6
BA/BSc/BEd	6

## **Framkvæmd markmiða**

### *Helstu markmið skólasamnings*

Unnið var að Framhaldsskólabraut sem fékkst samþykkt hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ávallt er leitast við að efla gæði kennslu í MB með að styrkja þekkingu kennara í formi fyrirlestra og endurmenntunar. Kennarar voru sem fyrr hvattir til endurmenntunar ásamt því að fengnir voru fyrirlesarar til skólans meðal annars um kvíða og þunglyndi ungmenna. Árangur í skólastarfi var áfram mældur með kennslumati og með gæðagreinum. Skólinn fór í ytra mat árið 2017 og unnið var að umbótum í kjölfar úttektar árið 2018 og verður gert áfram. Haldið var áfram með vinnu varðandi skólaþróun og að marka sérstöðu MB sem var sérstaklega tekin fyrir á stefnumótunardegi 23. október 2018. Farið var yfir stefnu skólans, skólaráð var virkjað og stofnuð var sjálfsmatsnefnd. Þónokkrir valáfangar urðu til í kjölfar stefnumótunardags svo sem útivistaráfangi, leiklist í samstarfi við Þjóðleik, yndislestur í ensku og fleira. Skólapúlsinn var tekinn upp og kom til framkvæmdar. Niðurstöður sýndu að nemendur MB skrópa minna í tíma en nemendur í samanburðarskólunum, þunglyndi er minna innan MB, sjálfsálit meira og almenn hamingja meiri. Heilt yfir kom skólapúlsinn mjög vel út. Niðurstöður úr vörðum voru teknar saman og stefnt er að því að birta þær niðurstöður í sjálfsmatsskýrslu skólans. Lagt verður meiri vinna í að kanna raunverulegt gengi brautskráðra nemenda MB.

### *Nemendagarðar*

Rekstur nemendagarða gekk með ágætum. Nemendagarðar voru fullnýttir á vorönn 2018 og 88% nýting var á haustönn 2018. Húsnæðið var leigt út til ferðaþjónustuaðila yfir sumartímamann þannig að leigutekjur dattu ekki niður.

## **Kennsluhættir og námsmat**

Kennsla var með hefðbundnum hætti á árinu 2018. Kennarar skólans eru vel menntaðir og fastráðnir kennarar eru allir réttindakennarar.

Skólinn bauð upp á nám á fjórum brautum til stúdentsprófs, náttúrufræðibraut, félagsfræðabraut, íþróttufræðibraut og opinni braut. Nemendur gátu svo valið um félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið á íþróttufræðibraut auk búfræðisviðs á náttúrufræðibraut. Skólinn bauð einnig upp á viðbótarnám til stúdentsprófs, framhaldsskólabraut og starfsbraut. Skólinn leggur mikla áherslu á verkefnavinnu og persónuleg tengsl við nemendur.

Námsmat í MB byggist fyrst og fremst á leiðsagnarmati en formleg annarpróf í lok anna eru ekki til staðar. Vinna nemenda er metin jafnóðum allan námstímamann. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og hvað er ætlast til af þeim. Leiðsagnarmat byggist því á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu. Kennari veitir hverjum nemanda um sig almenna umsögn og leiðbeiningar um gengi nemandans í áfanganum á svokölluðum vörðum, eða með öðrum, sambærilegum hætti, án þess að einkunn fylgi með. Vörður eru þrisvar á önn. Nemendum var boðið uppá heimanámsaðstoð þar sem þeir gátu komið með verkefni sín og fengið leiðbeiningar.

## Stjórnun

Engar breytingar urðu á stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar. Vilhjálmur Egilsson var stjórnarformaður áfram og aðrir stjórnarmenn héldu áfram störfum; Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir, Inga Björk Bjarnadóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir. Skólanefnd Menntaskóla Borgarfjarðar skipa sömu einstaklingar og sitja í stjórn skólans en að auki sitja þar fulltrúi foreldra, Guðrún Vala Elísdóttir, fulltrúi nemenda, Snæþór Bjarki Jónsson og fulltrúi kennara, Sigurður Örn Sigurðsson. Foreldraráð starfar við skólann og var kosin ný stjórn á haustdögum. Í dag skipa foreldráð þær Guðrún Vala Elísdóttir og Ingunn Alexandersdóttir. Nemendafélag skólans skipa frá hausti Snæþór Bjarki Jónsson formaður, Sóley Ásta Orradóttir gjaldkeri, Arna Jara Jökulsdóttir ritari, Arna Hrönn Ámundadóttir skemmtanastjóri og Linda Rós Leifsdóttir meðstjórnandi. Skólaráð skipa auk skólameistara og aðstoðarskólameistara, Snæþór Bjarki Jónsson nemandi, Bjarni Þór Traustason kennari og Sigurður Örn Sigurðsson kennari.

## Rekstur og fjármál

Tekjur skólans á árinu 2018 stóðu undir rekstri og er rekstur skólans í mjög góðu jafnvægi. Vísað er hér í ársreikning 2018. Aðstaða til náms og kennslu er mjög góð.

Borgarnesi 8. apríl 2019

---

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir